# Reikningar Fiskimannasjóðs Kjalarnessþings 1890-1907

Aðfnr. 1346, örk 14

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Styrkur
## veittur úr fiskimannasjóði Kjalarnesþings 1905.

| Þiggjendur | Upphæð kr. | Kvittanir. |
|---|---|---|
| 1. Aldís Sigurðardóttir Rvík | 40.00 | Steingrímur Jónsson |
| 2. Elín Stefánsdóttir s. st. | 35.00 | Elín Stefánsdóttir |
| 3. Elísabet Sæmundsdóttir s. st. | 10.00 | Elesabet Sæmundsdóttir Handsalað |
| × 4. Guðlaug Sveinsdóttir Hafnarf. | 100.00 | |
| 5. Guðleif Erlindsdóttir Rvík | 10.00 | Guðleif Erlindsdóttir |
| 6. Guðm. Óskar Daníelsson s. st. | 25.00 | Oddrún Jóhannesdóttir |
| × 7. Guðrún Gísladóttir Bæ í Kjós | 20.00 | |
| × 8. Guðrún Guðnadóttir Hafnarf. | 10.00 | |
| 9. Guðrún Halldórsdóttir Rvík | 20.00 | Guðrún Halldórsdóttir (handsalað) |
| 10. Guðrún Þorkelsdóttir Rvík | 20.00 | Guðrún Þorkelsdóttir |
| 11. Kristín Jónsdóttir s. st. | 10.00 | Kristín Jónsdóttir. Handsal. |
| 12. María Gísladóttir s. st. | 60.00 | María Gísladóttir |
| 13. Rannveig Jónsdóttir s. st. | 55.00 | Rannveig Jónsdóttir handsalað |
| × 14. Sigríður Ísaksdóttir Hafnarf. | 20.00 | |
| 15. Sigríður Júl. Tómasdóttir Rvík | 20.00 | Sigríður Júl. Tómásdóttir hands. |
| 16. Þórdís Jónsdóttir s. st. | 35.00 | Þórdís Jónsdóttir Handsalað |
| 17. Þórdís Nikulásdóttir s. st. | 20.00 | Þórdís Nikulásdóttir. handsal. |
| 18. Þórdís Tómasdóttir s. st. | 20.00 | Þor dís Tómasdóttir |
| Samtals | 530.00 | |

Bæjarfógetinn í Reykjavík 11. desemb. 1905.

Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur

## yfir tekjur og gjöld fiskimannasjóðs Kjalarnesþings 1905.

| Tekjur | | Kr. | a | Gjöld | | Kr. | a |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Sjóður við ársbyrjun: | | | | 1. Veittur styrkur | | 530 | - |
| a. veðskuldabrjef | Kr. 2870.- | | | 2. Móti tekjul. 2. og 3. færsl. | | 2200 | - |
| b. bankavaxtabrjef | " 9000.- | | | 3. Eptirstöðvar: | | | |
| c. í sparisjóði | " 1996.68 | 13866 | 68 | a. veðskuldabrjef | Kr. 2670.- | | |
| 2. Afborgun á láni | | 200 | - | b. bankavaxtabrjef | " 11.000.- | | |
| 3. Keypt bankavaxtabrjef Lit. A. Nr. 1340 & 1341 | | 2000 | - | c. í sparisjóði | " 289.85 | 13959 | 85 |
| 4. Vextir: | | | | | | | |
| a. af veðskuldabrjefum | Kr. 117.47 | | | | | | |
| b. " bankavaxtabrjefum | " 495.- | | | | | | |
| c. " sparisjóðsinnstæðu | " 10.70 | 623 | 17 | | | | |
| Samtals Kr. | | 16689 | 85 | Samtals Kr. | | 16689 | 85 |

Bæjarfógetinn í Reykjavík, 31. desbr. 1905.

Halldór Daníelsson.

Reikning þennan ásamt 2 fylgiskjölum hefi eg endurskoðað og ekkert fundið athugavert.

Jóhann Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

**um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.**

1. Nafn og aldur umsækjanda? Aldís Sigurðardóttir, 26 ára. —

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Hafliði Jónsson, druknaði 5. sept. 1904 af fiskiskipinu Bergþóru.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? 1 barn ársgamalt.

4. Heilsufar umsækjanda? Allgott.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Þiggur eigi né hefir þegið sveitarstyrk og vonar að styrkur viðlíka og í fyrra úr Fiskimannasjóðnum verji hana frá sveit.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

..............................................

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Reykjavík, 30. sept. 1905

Jóhann Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda?

Elín Stefánsdóttir, 69 ára.

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi?

Benedikt Magnússon, drukknaði veturinn 1898 af fiskiskipi í Gerðavör í Garði.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar?

Oddný Benediktsdóttir 44 ára, Valgerður 38 ára, Emerentsiana 34 ára og Elízabet 33 ára.

4. Heilsufar umsækjanda? Fremur lasburða.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Hefir aldrei þegið sveitarstyrk og góð von um, að styrkurinn úr fiskimannasjóðnum verji hana frá sveit.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Ég óska, að mér verði veittur styrkur úr Fiskimannasjóðnum, eins og að undanförnu, því ég á engar eignir og ekkert barna minna getur stutt mig, nema sú dóttir mín, sem ég á heimili hjá og hefir hún þó 3 börn fyrir að sjá og atvinnu mannsins hið eina til lífsbjargar.

Virðingarfyllst
Elín Stefánsdóttir
Njálsgötu 57

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Jóhann Þorkelsson
dómk. prestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16/10

Hjer med Leyfi eg mjer vyrdingarfyllst ad bidja Herra Bæjarfógetan svo vel gjöra og sjá um ad mjer mætti veytast styrkur af sjódi Sjódaudra manna þegar honum verdur útbítt þettad ár eins og ad undanförnu

vyrdingarfyllst

Grettisgötu 28 11 Oktober ~~September~~ 1905

Elísabet Sæmundsdóttir

Til

Hr Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

**um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.**

1. Nafn og aldur umsækjanda? Geirlaug Sveinsdóttir 39 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Jón Kristjánsson, druknaði 9. sept. 1901 af þilskipinu „Litlu Rósu“ frá Hafnarf.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? Börn umsækjanda eru 6; af þeim er eitt á fóstri hjá ættingja, og ein stúlka uppkomin í vist; hin 4 eru heima, og eru 16, 13, 7, og 4 ára; hið elsta er stúlka tæringarveik frá barnæsku, en á batavegi; hið næsta drengur sem hefur verið veikur mjög í uppvexti; legið lengi á Landakotsspítala, og verið opereraður bæði þar og heima; hið 7 ára gamla barn er einnig vanheilt, en yngsta barnið heilbrigt.

4. Heilsufar umsækjanda? Umsækjandi hefur fremur góða heilsu.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Umsækjandi hefur engan sveitarstyrk þegið; en notið privat fjárstyrks nokkurs. Hinn árlegi styrkur úr fiskimannasjóðnum hefur bjargað ekkjunni, og mundi væntanlega enn mesta að bjarga henni frá sveit.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra? Umsækjandi vill færa stjórn fiskimannasjóðsins hjartanlega þökk fyrir sig.

Fyrir hönd Geirlaugar Sveinsdóttur

Jens Pálsson

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Jens Pálsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og að undanförnu leyfi eg mér undirskrifuð hér með að sækja um styrk úr ekknasjóði Kjósar- og Kjalarness hrepps og vona eg að stjórn sjóðsins taki þessa umsókn mína til greina eins og hún hefur áður gjört, þar sem ástæður mínar eru þær sömu og áður.

Reykjavík, Bergstaðastræti 11a
7. nóvember 1905

Guðleif Erlendsdóttir

Til

Stjórnar ekknasjóðs Kjósar- og Kjalar-
neshrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22/7

Eg undirrituð ekkja eptir Gest sál. Jónsson frá Kiðafelli sem drukknaði í fiskiróðri af Seltjarnarnesi, vil hjer með leifa mjer að sækja um að mjer verði eins og að undanförnu veittur styrkur úr „Fiskimanna sjóði Kjalarnesþings“ yfirstandandi ár.

Bæ í Kjós 18 júlí 1905
Guðrún Gísladóttir

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? Guðrún Guðnadóttir 49 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Þorsteinn Guðmundsson druknaði 12. ágúst 1898 af þilskipinu Himalaya úr Hafnarfirði.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? Börn umsækjanda eru 3. Hið elzta er gift kona sem ekki er aflögufær. Hið næsta að aldri er verzlunarþjónn í Keflavík; hið þriðja er 17 ára piltur hjá móður sinni.

4. Heilsufar umsækjanda? Umsækjandi telur sig heilsulina orðna til allrar vinnu.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Umsækjandi hefur ekki þegið sveitarstyrk, og leyst við að komast af án slíks styrks, ~~nema hún verði fyrir einhverjum sérstökum áföllum~~.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra? Umsækjandi væntir sér og óskar aðeins örlítillar hugnunar. —

Eftir beiðni og umboði Guðrúnar Guðnadóttur

Jens Pálsson

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Jens Pálsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/9

Samkvæmt beiðni ekkjunnar
Guðrúnar Halldórsdóttur hér í bænum,
leyfi ég mér hérmeð að mæla með, að
henni verði nú í ár, einsog að undanförnu,
veittur styrkur úr fiskimannasjóði Kjalarnes-
þings, svo ríflegur sem föng eru á.

Reykjavík 2. septbr. 1905.

Virðingarfyllst

Sighvatur Bjarnason

Til

Stjórnar Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22/9

Um leið og jeg votta mitt innilegt þakklæti fyrir styrk þann, er mjer, sem ekkju Helga sáluga Ólafssonar, er drukknaði á þilskipinu "Orient" í aprílmánuði 1903, hefir verið veittur úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings um 2 undanfarin ár, (20 kr hvort árið) leyfi jeg mjer hjer með auðmjúklegast að biðja um að mjer einnig þetta ár verði veittur styrkur úr nefndum sjóði; því kjör mín eru hin sömu eins og um undanfarin ár, þar sem jeg er alveg efnalaus, og verð, að því leyti sem jeg framast get, að annast uppeldi barns míns og manns míns sáluga, sem nú er á 5. aldursári.

Bergstaðastræti 21 í Reykjavík, 21. septemb. 1905.

Auðmjúklegast.

Guðrún Þorkelsdóttir.

Til

stjórnenda Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? Kristín Jónsdóttir

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Ófeigur Guðmunds-son, drukknaði 22. maí 1888 af opnu fiskiskipi.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? Börn tvö, 24 ára og 21 árs.

4. Heilsufar umsækjanda? Sæmilega gott, en þolir þó eigi erfiða vinnu.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Hefir aldrei þegið sveitarstyrk, og mun styrkur úr Fiskimannasjóðnum hjálpa til að verja hana frá sveit. —

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta. að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Reykjavík, 30. sept. 1905

Jóhann Þorkelsson. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

**um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.**

1. Nafn og aldur umsækjanda?

María Gísla dóttir 39 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi?

Jón Gíslason Landal druknaði 3 April 1900 af fiskiskipinu Bergþóra = Kristófer

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar?

Börn umsækjanda 2 15 ára og 11 ára

4. Heilsufar umsækjanda? er gott

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit?

Þiggur ekki af sveit og hefur aldrei þegið fái hún styrk eru líkur til að styrkurinn hjálpi henni til þess að þiggja ekki.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

5/10 05 Bræðraborgarstíg 18

María Gísladóttir

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Jóhann Þorkelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? Oddrún Jóhannesdóttir fyrir sína hönd eða barns síns Guðmundar Óskars Daníelssonar. Hún 39 ára, hann 6 ára.

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Faðir drengsins hét Daníel Guðmundsson, sem druknaði af fiskiskipinu Fálkanum vorið 1900

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? Guðmundur Óskar Daníelsson, 6 ára, svo sem að ofan er greint.

4. Heilsufar umsækjanda? Allgott.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Hefir eigi þegið né þiggur af sveit og vonar að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji konu og barn hennar frá sveit.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Bergstaðastíg nr. 6, 30. sept. 1905

Oddrún Jóhannesardóttir

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Reykjavík, 30. sept. 1905

Jóhann Þorkelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda?

Ranveig Jóns dóttir 66 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi?

Gísli Steffáns son druknaði af opnumbát 30 Nofember 1886

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar?

1 dóttir á lífi 28 ára. Svo er hjá mjer dóttur sonur minn stór fatlaður

4. Heilsufar umsækjanda? mjög bagborið

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit?

Fái umsækandi styrk þá eru líkur til að hún komist hjá að þiggja af sveit svo framálega sem hennar veiku kraptar ekki bila

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Dóttir umsækjanda getur ekki styrkt hana sökum fátæktar

Gíslaholti 1/9 05

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Jóhann Þorkelsson
sóknarprestur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hafnarfirði 28. November 1905

Hér með leyfi eg mér virðingarfyllst að sækja um styrk af fé því er á þessu ári kemur til úthlutunar úr Styrktarsjóði ekkna eftir sjódrukknaða í Kjalarnesþingum. Hvað efni mín og ástæður snertir þá eru þær hinar sömu og undanfarandi, nema hvað heilsa og kraftar mínir fara þó óðum þverrandi með ellinni. Hingað til hef eg komist af án sveitarstyrks og vænti með Guðs hjálp, að geta það framvegis, ef eg mætti njóta styrks framvegis eins og að undanförnu úr þessum sjóði.

Virðingarfyllst

Sigríður Ísaksdóttir
á Miðengi í Hafnarfirði

Til: Sýslumannsins í Gullbringu og Kjósarsýslu

Sendist bæjarfógeta Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11/9

Jeg undirskrifuð Sigríður Júlíana Tómas-dóttir, ekkja Jóns sál. Guðmundssonar frá Mýrarkoti í Bessastaðahreppi, leyfi mjer hjermeð virðingarfyllst að beiðast þess, að hin hátt virta stjórn Fiskimannasjóðsins í Kjalarnessþingi vildi veita mjer styrk úr nefndum sjóði fyrir þetta ár eins og að undanförnu.

Reykjavík, Hákoti 10. sept. 1905

Virðingarfyllst

Sigríður Júlíana Tómasdóttir.

Til

Stjórnenda fiskimannasjóðs í Kjalarnessþingi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

### um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda?

Vilborg Pjeturs dóttir 49 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi?

Hans Gísli Jóns son druknaði af opnum bát 29/4 1891

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar?

Börninn eru 5 Guðrun 24 Kristín 21 Pjetur 18. Jóhana 16 Gestur 14 ára

4. Heilsufar umsækjanda? er bágt.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit?

allar líkur eru til að umsækjandi komist hja að þigga af sveit fái hún stirk

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Ingvi sonurinn er mjög heilsulítill hefur verið máheita undir læknis hendi í fleiri ár svo er dóttur dóttir min hjá mjer á fyrsta ári

Hausthúsum Reykjavík 1/9 05

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Jóhann Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? Vilborg Pétursdóttir, 50 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Hans Gísli Jónsson, druknaði 29. apríl 1892 af fiskiskipi í Rosmhvalaneshreppi.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? 5 börn, 24, 21, 18, 15 og 14 ára.

4. Heilsufar umsækjanda? Er heilsutæp og þolir ekki erfiða vinnu.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Hefir síðastliðið ár fengið 80 kr. styrk úr fátækrasjóði bæjarins.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Reykjavík, 30. sept. 1905

Jóhann Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? Þórdís Jónsdóttir 49 ára.

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi?
Sigurður Jónsson, Bakkakoti á Seltjarnarnesi; druknaði á þilskipinu „Komet" 1898.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar?
Börn 3 alls; 18, 15 og 10 ára.

4. Heilsufar umsækjanda?
Hefur verið all-bærilegt undanfarin ár, en í vetur hefur umsækjandinn eigi getað unnið nema af skornum skamti.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit?
Hefur aldrei hingað til þegið af sveit, og styrkur sá, er hér um ræðir, mundi forða umsækjanda frá því einnig nú.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Reykjavík 16. júní 1905
Þórdís Jónsdóttir.
Smiðjustíg 1.

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Jóhann Þorkelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

**um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.**

1. Nafn og aldur umsækjanda? Þórdís Nikulásdóttir, 62 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Halldór Þorsteinn Halldórsson, druknaði 29. apr. 1892 af fiskiskipi í Rosmhvalaneshreppi.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? 2 börn, 23 ára og 17 ára.

4. Heilsufar umsækjanda? Mjög heilsulítil.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Umsækjandi hefir þegið, en þiggur eigi nú sveitarstyrk og vonar að 20 til 30 Kr. styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji hana frá sveit. –

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra? Sonur hennar stundar iðnaðarnám og er henni því enn til talsverðra þyngsla.

Eg undirritaður ~~oddviti~~ — sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Reykjavík, 30. sept. 1905

Jóhann Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6/9

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? Þórdís Tómasdóttir, 52 ára.

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Guðmundur Guðmundsson, druknaði sumarið 1902 af fiskibát frá Thomsen.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? 4 börn, 22 ára (~~[illegible]~~), 19 ára, 16 ára og 11 ára.

4. Heilsufar umsækjanda? Heilsutæp.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Hefir eigi þegið né þiggur sveitarstyrk og vonar að þurfa eigi að svo stöddu að þiggja sveitarstyrk, ef hún fær styrk úr Fiskimannasjóðnum.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Reykjavík, Smiðjustíg nr. 7, 4. sept. 1905

Þórdís Tómasdóttir
(handsalað)

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Reykjavík, 4. sept. 1905

Jóhann Þorkelsson
dómk. pr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/1

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu

21. des. 1905

80

Með þóknanlegu brjefi dags. 11. þ.m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent mjer 150 kr., er úthlutað var ekkjum hjer í sýslunni úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings við síðustu úthlutun úr þeim sjóði.-

Fyrir þessum 150 kr. kvittast hjer með.-

Páll Einarsson

Til Bæjarfógetans í Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur